

Miðvikudaginn 31. janúar 1962.

Nr. 75/1961. Ákærvaldið (Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
 gegn
Björgólfi Schou Jensen Kristjánssyni
 (Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm þykir mega staðfesta með skirskotun til forsendna hans, sbr. og nú 6. gr. laga nr. 31/1961 og 2. gr. laga nr. 19/1940, að því er varðar kröfu í ákæruskjali um sviptingu réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Björgólfur Schou Jensen Kristjánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Dagfinnssonar og Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmannna, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. marz 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 7. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Frikirkjuvegi 11, af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1264/1961: Ákærvaldið gegn Björgólfi Schou Jensen Kristjánssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ. m., er höfðað með ákæruskjali, dags. 25. ágúst 1959, á hendur Björgólfi Schou Jensen Kristjánssyni verkamanni, Langagerði 104 hér í borg, fyrir

brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 (þjófnað). Ákærða er gefið að sök, að hann hafi einhvern tíma á árunum 1953 eða 1954 skammhleyppt eða látið skammhleypa tvo rafmagnsmæla í húsinu Langagerði 104 að baki rafspjalds, þannig að einangrun víra var skorin af og 4 mm² vír snúið yfir og tengt á milli til og frá straumspólu mælanna og vafið síðan með einangrunarbandi og að hann hafi með þessum hætti aflað sér í heimildarleysi raforku frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur til 23. ágúst 1958, allt að 190.426 kílówattstundum.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, til skaðabótagreiddslu og til greiddslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 25. september 1914. Hann hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

- 1941 9/5 Sátt: 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
- 26/6 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 13/8 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og 15 kr. skaðabætur fyrir skemmdir á varðhaldsklefa.
- 1942 19/10 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 5/6 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944 5/9 Siglufj. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 4/7 Rvík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1948 6/9 Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1956 8/8 Rvík. Dómur: 2000 kr. sekt, sviptur rétti til ökuleyfis í 8 mánuði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum og umferðarlögum.
- 1958 30/5 Rvík. Dómur: 25 daga varðhald, sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt frá 31/5 '58 fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.
- 1958 2/7 Rvík. Sátt: 2000 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1959 12/8 Rvík. Sátt: 300 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.

Ákærði er eigandi einbýlishússins Langagerði 104 hér í borg. Byggði hann það og fluttist í það að eigin sögn einhvern tíma um 1950. Hefur hann síðan búið þar ásamt konu sinni og börnum, en þau eru nú orðin sjö talsins. Um nokkurt árabil leigði ákærði út tvö herbergi og eldhús og hafði til eigin afnota aðeins eitt herbergi og eldhús. Nú hefur ákærði um skeið haft allt húsið fyrir sig og sína.

Hinn 23. ágúst 1958 gerðu tveir eftirlitsmenn Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Oddur Guðmundur Jónsson og Hjörþpór Ágústsson, athugun á rafmagnsmælum í húsi ákærða. Tveir mælar mældu raf-

magnseyðsluna í húsinu, og leiddi athugun í ljós, að báðir voru skammhleypir að baki rafspjalds, þannig að einangrun víra var skorin af og 4 mm² vír snúinn yfir og tengt á milli til og frá straumspólu mælanna, en síðan vafið vandlega með einangrunarbandi. Leit út fyrir, að þetta hefði verið gert fyrir allöngu. Var síðan gerð athugun á eyðslu, er komið hafði fram á mælunum undanfarin ár. Sýndi sú athugun, að rafmagnseyðslan samkvæmt mælunum minnkar allt í einu að miklum mun sumarið 1954, svo sem hér greinir

Dags.	Mælir 1974195	Mælir 1974153
álestrar	notkun kw.	notkun kw.
26/1 1954	430	2357 (Síðan 21/12 1953)
27/2 —	442	2083
27/3 —	280	1682
3/4 —	391	2224
30/5 —	267	1337
22/7 —	449	1044
24/8 —	44	146
23/9 —	46	156
21/10 —	85	214
18/11 —	101	275
22/1 1955	105	396
20/12 —	96	355
19/2 —	83	341
17/3 —	70	292
25/4 —	95	427
25/5 —	105	318

Notkunin, er mælarnir sýna síðan (skráin nær til 12/8 1958), hefur haldizt í svipuðu horfi.

Bendir þetta til þess, að breytingin á mælunum muni hafa verið gerð í júní eða júlí 1954.

Mælaprófun Rafmagnsveitunnar gerði prófun á öðrum mælinum með því að skammhleypa straumspólu mælisins með sama vír og notaður hafði verið á áður nefndum stað. Kom í ljós, að mælir gekk 92% of hægt, og er því talið, að mælarnir hafi ekki mælt nema 8—10% af álaginu. Er reiknuð var út eyðsla mælanna 22/7 1954 til 23/8 1958, kom í ljós, að mælir 1974195 sýndi eyðslu 4534 kw, en mælir 1974153 22684 kw. Vanreiknuð eyðsla, miðuð við að hún væri áttföld sú eyðsla, er mælarnir sýndu, reyndist vera 190426 kw., og er verðmæti þeirrar raforku, miðað við kr. 0.20 pr. kwst., kr. 38085.20.

Ákærði neitaði því, er hann var fyrst yfirheyrður í tilefni af kæru Rafmagnsveitunnar, að honum væri kunnugt um, að nein- ar breytingar hefðu verið gerðar á raforkumælum húss hans, hvað þá að hann hefði gert þær eða látið gera. Við þennan fram- burð hefur ákærði og haldið staðfastlega við meðferð máls þessa.

Yfirheyrðir hafa verið leigutakar í húsi ákærða á árunum 1952—1957. Ingólfur Kristjánsson sjómaður bjó þar um það bil eitt ár, líklega 1952—1953. Hann kveðst hafa greitt okurleigu, en man þó ekki, hve há leigan var. Hann segir og, að sig minni, að hann greiddi sérstaklega rafmagn, og hafi það verið mikill kostnaðarliður, enda er húsið hitað upp með rafmagni og hefur verið frá upphafi. Benedikt Bjarnason iðnverkamaður mun hafa búið í Langagerði 104 frá vori 1953 til 1954, alls um það bil eitt ár. Hann man ekki, hver leigan var, en telur hana ekki hafa verið ósanngjarna. Hann fullyrðir, að hann hafi greitt rafmagnskostnað sérstaklega, og hafi það verið mikill kostnaðarliður, enda hitað upp með rafmagni. Næsti leigutaki var Eyjólfur Bjarnason verka- maður. Mun hann hafa búið í íbúðinni ásamt konu sinni og 2 börnum frá því snemma á ári 1954 fram í byrjun marz 1955. Hann kveðst hafa greitt í leigu 800 kr. á mánuði, og hafi rafmagnskostnaður (og þar með hitakostnaður) verið innifalinn í leigunni. Leigan hafi því ekki getað kallast há, en þess sé þó að gæta, að íbúðin hafi verið léleg og illa úr garði gerð.

Næsti leigjandi ákærða var Eymar Ísfeld Karlsson, er virðist hafa búið í íbúðinni frá því í apríl 1955 og fram á árið 1956. Hann kveðst hafa greitt 800 kr. á mánuði í leigu, og rafmagns- kostnaður hafi verið innifalinn. Kveðst hann því ekkert vita um, hver rafmagnskostnaður íbúðarinnar hafi verið. Íbúðin hafi verið lítil og léleg, og leigan því ekki eins lág og ætla mætti.

Ragnar Lundborg Jónsson rafvirki, sem bjó í Langagerði 104 júní 1956—júní 1957, kveðst hafa greitt 900 kr. á mánuði í leigu, og rafmagnskostnaður verið innifalinn. Telur hann leiguna mjög lága.

Ákærði hefur ekkert að athuga við ofanskráða framburði leigu- taka sinna. Mótmælir hann alls ekki framburðum þeirra um leigukjör.

Enginn leigutakanna kveðst neitt vita til þess, að breytt hafi verið rafmagnsmælunum í húsinu, og ekki hefur neitt komið fram í málinu, er bendir til þess, að neinn leigutakanna hafi átt þar hlut að máli.

Ákærði hefur verið húsráðandi í Langagerði 104 alla tíð, síðan rafmagn var lagt í húsið. Hann leigði út hluta af húsinu og í fyrstu með þeim kjörum, að leigutakar greiddu sérstaklega raforku-notkun sína. Á árinu 1954 fer hann hins vegar að leigja út húsnæðið með rafmagnskostnaði inniföldum í leigunni. Er það alveg um sama leyti og röskunin hefur verið gerð á rafmagnsmælunum. Höfðu leigutakar því enga hagsmuni af því sjálfir að breyta rafmagnsmælunum, enda þótt þeir kynnu að hafa haft aðstöðu til þess. Ákærði hefur ekki leitt að því neinar líkur, að neinn annar en hann hafi staðið að breytingunum. Eins og ástatt er, þykir óhugsandi, að breytingar þessar hafi verið gerðar án vitundar ákærða. Samkvæmt þessu þykir verða að telja sannað, að ákærði hafi gert eða látið gera röskunina á mælunum. Ber hann því ábyrgðina á þeim raforkustuldi, er fram hefur farið í húsi hans. Með honum hefur hann brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rafmagnsveita Reykjavíkur krefst bóta, að fjárhæð kr. 38.085.20, úr hendi ákærða. Er þar farið eftir mælingum þeim og útreikningum, er að framan getur. Verður ekki séð, að nánari reifunar á bótakröfunni verði krafizt, sbr. og ákvæði 6. tl. 14. gr. reglugerðar um Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 5/1939, þar sem gert er ráð fyrir, að áætluð sé orka sú, sem notuð hefur verið með ólöglegum hætti. Þess er að gæta, að ekki hefur verið krafizt þrefalds gjalds fyrir orkuueyðsluna samkvæmt nefndu ákvæði, enda á það ekki við nema í þeim tilfellum, þegar eigi er beitt þyngri viðurlögum.

Ákærði hefur mótmælt bótaskyldu sinni, en samkvæmt áðurgreindri niðurstöðu sakarefnisins og þar sem fjárhæðin þykir nægilega rökstudd, ber að taka kröfuna til greina.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Eftir atvikum þykir þó rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún skuli niður falla eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þar sem refsingin er skilorðsbundin, verður ákærði ekki sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða bætur samkvæmt því, er áður segir, og svo til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, er ákveðast kr. 1500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Björgólfur Schou Jensen Kristjánsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Rafmagnsveitu Reykjavíkur kr. 38.085.20.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmans, kr. 1500.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. janúar 1962.

Nr. 175/1961. **Haraldur Eiríksson**

gegn

Jóni B. Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Haraldur Eiríksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
